

# SELSKÓGUR

## DEILISKIPULAG

Greinargerð og skilmálar

Júlí 2006  
Útgáfa 0.1



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

ARKÍS ehf



## EFNISYFIRLIT

<b>0</b>	<b>MÁLSMEDFERÐ OG BREYTINGAR .....</b>	<b>3</b>
0.1	Málsmeðferð .....	3
0.2	Breytingar .....	3
<b>1</b>	<b>MARKMIÐ DEILISKIPULAGSINS .....</b>	<b>4</b>
<b>2</b>	<b>FORSENDUR.....</b>	<b>4</b>
2.1	Um verkefnið .....	4
2.2	Gögn fyrir deiliskipulagið .....	4
2.2.1	Forsendugögn .....	4
2.2.2	Gögn sem sýna deiliskipulagið .....	4
2.3	Afmörkun og landslag .....	4
2.4	Fornminjar og örnefni .....	4
2.5	Náttúrufar.....	5
2.6	Aðkomuleiðir og vegir .....	5
2.7	Stígar .....	5
2.8	Byggingar og mannvirki .....	6
2.9	Neysluvatnsöflun .....	6
<b>3</b>	<b>DEILISKIPULAG.....</b>	<b>7</b>
3.1	Megininntak deiliskipulagsins .....	7
3.2	Umferð og umgengni .....	7
3.3	Stígar .....	7
3.4	Göngubrú yfir Eyvindará .....	8
3.5	Byggingar og mannvirki .....	8
3.6	Áningarstaðir .....	9
3.7	Samkomu-, íþróttu- og leiksvæði .....	9
3.8	Gróðurvernd og umhirða .....	9
3.9	Skilti og merkingar .....	9

## **0 MÁLSMEÐFERÐ OG BREYTINGAR**

### **0.1 Málsmeðferð**

Bæjarstjórn Fljótshálsa samþykkti þann \_\_\_\_\_ að deiliskipulag þetta yrði auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið var staðfest af bæjarstjórn Fljótshálsa þann\_\_\_\_\_.

Deiliskipulag þetta tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann: \_\_\_\_\_.

### **0.2 Breytingar**

Um frávik eða breytingar á deiliskipulaginu og skilmálum þess skal sækja til skipulags- og byggingarnefndar Fljótshálsa.

Með umsóknir um frávik og breytingar verður farið samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Verði um breytingar á skilmálum þessum að ræða verður þeirra getið í þessum kafla í þeirri röð sem þær verða afgreiddar í skipulags- og byggingarnefnd og staðfestar af bæjarstjórn. Breytingar verða dagsettar og skilmálarnir fá þá nýtt útgáfunúmer. Fyrsta útgáfa er merkt 0.0, næsta útgáfa (fyrsta breyting) er merkt 0.1 ásamt dagsetningu breytinga o.s.frv.

# 1 MARKMIÐ DEILISKIPULAGSINS

Markmið með deiliskipulagi Selskógar eru:

- Að tryggja að Selskógur verði áfram staður þar sem almenningur á öllum aldri getur notið friðsældar og fagurrar náttúru rétt við bæjarmörkin, árið um kring
- Að stuðla að verndun gróðurs, menningarminja og náttúruminja, samhliða nýtingu svæðisins til útivistar og náttúruupplifunar

## 2 FORSENDUR

### 2.1 Um verkefnið

Starfshópur sem skipaður var fulltrúum sveitafélagsins og Hollvinasamtökum Selskógar réð ráðgjafa til að vinna Deiliskipulag útivistarsvæðis í Selskógi Deiliskipulag er unnið af Landslagi ehf og Arkís ehf í nánú samstarfi við starfshópinn. Vinna hófst við verkefnið í Nóvember 2005. Sem grunngögn voru notaðar stafrænar loftmyndir og hæðarlínukort frá Loftmyndum ehf, auk stafræns grunns fyrir Egilsstaði.

### 2.2 Gögn fyrir deiliskipulagið

#### 2.2.1 Forsendugögn

Aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017

Deiliskipulög fyrir Selbrekku, efra og neðra svæði, með síðari breytingum Flóra og gróður í Selskógi, Egilsstöðum (Helgi Hallgrímsson 1993)

#### 2.2.2 Gögn sem sýna deiliskipulagið

Deiliskipulagsuppráttur, mælikvarði 1:2000

Greinargerð með skilmálum

### 2.3 Afmörkun og landslag

Skipulagssvæðið afmarkast af Eyvindará að norðan, Seyðisfjarðarvegi að vestan og af Háslæk að austan. Að sunnan afmarkast svæðið af íbúðasvæði í Selbrekku, Norðfjarðarvegi og svæði sem í aðalskipulagi er auðkennt U9.

Landslag á svæðinu einkennist af skógi vöxnum ásum og hæðum, með mýrarsundum á milli. Eyvindará rennur norðan svæðisins í tilkomumiklu gili. Í norðurhluta svæðisins er flatlend tunga þar sem land var ræst fram og ræktað tún. Svæðið er nefnt Vémörk, en þar voru á árum áður haldnar útisamkomur. Selöxlin afmarkar svæðið frá þéttbýlinu á Egilsstöðum, þannig að í Vémörkinni ríkir friðsæld fjarri umferðargný og annari truflun frá þéttbýli.

### 2.4 Fornminjar og örnefni

Í Fornleifaskrá Egilsstaða (Safnastofnun Austurlands 1997) eru skráðar fornminjar á skipulagssvæðinu sem hér segir (bls. 33):

*“SM-24018*

*Fyrir utan og ofan túnið á Selhæð sjást leifar af gömlum túngarði og e.t.v. garðhólfum. Hann er mjög útflettur og lyngi vaxinn. Hleðsluhæð 0,4 m og hann er um metri á þykkt. Þarna eru greinanleg tvö túngarðsbrot. Annað liggur til A frá klettum utan og ofan fjárhúss. Hann er um 30 m langur og sést víða í steinhleðslur. Hitt brotið er nokkrum austar og er það um 25 m langt og liggur N-S.”*

Víða í Selskógi er að finna kolagrafir, sem eru dreift um allt svæðið. Kolagrafir teljast til þjóðminja, sbr. b-lið 9. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Ef vart verður við fornminjar í sambandi við framkvæmdir á svæðinu, ber að fylgja fyrirmælum 13. gr. þjóðminjalaga, en þar segir:

*“Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns tengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.”*

Örnefni eru sýnd á skýringaruppdrætti.

## 2.5 Náttúrufar

Selskógur nefnist ysti hluti Egilsstaðaskógar sem er víðlendasti skógur á Austurlandi á eftir Hallormsstaðaskógi. Selskógur er um 80 hektarar að stærð. Á svæðinu eru 4-5 megingerðir gróðurs þ.e birkiskógur, mýrar, eyrar, gömul tún, kletta- og giljagróður.

Skógurinn er náttúrulegur birkiskógur sem að hluta til hefur verið grisjaður. Í Selskógi vaxa aðeins íslensk tré, utan þess að um miðja síðustu öld voru gróðursett fáein barrtré innst í Vémörkinni. Aðal skrautfjöður þessa fallega og fjölbreytta svæðis er Eyvindará sem fellur í mikilfenglegu gljúfri og afmarkar skóginn að hluta. Gróðurinn teygir sig niður í gilið og á nokkrum stöðum vaxa birkihríslur, reynitré og hið sígræna einistöð í klettaglufum. Á sumrin skarta eyrarrós og gullsteinbrjótur sínu fegursta niður á áreyrunum.

Um 160 háplöntur finnast í Selskógi og er skógarbotninn ýmist vaxinn lyngi eða gras- og blómgróðri, einna athyglisverðastar eru *Austurlandsplönturnar* svonefndu, en af þeim vaxa bláklukka, gullsteinbrjótur, maríuvöttur og sjóstjarna á svæðinu allar í töluverðu magni. Einnig má nefna birkifjólú sem aðeins hefur útbreiðslu frá Skagafirði til Fljótsdalshéraðs

Í skóginum er einnig gott berjaland, en þar vaxa: krækiber, bláber, aðalbláber og hrútaber og á sólríkum stöðum má finna jarðarber. Enn eru þar á milli 50 og 60 sveppategundir, og á meðal matsveppa má nefna kóngssvepp og kúalubba sem fylgir birkinu eftir.

## 2.6 Aðkomuleiðir og vegir

Aðalaðkoma er frá Seyðisfjarðavegi, einnig er aðkoma frá Selbrekku, ofan við Selhæð. Auk þessara aðkomuleiða eru gönguleiðir inn í Selskóginn frá íbúðasvæðinu í Selbrekku.

Akfær þjónustuleið er frá Seyðisfjarðarvegi að Vémörk (sjá kafla 3.2).

## 2.7 Stígar

Í Selskógi er mikið um stíga, misgreiða og í ýmsu ástandi. Mest ber á þeim sem nefndur er aðalstígur, en hann hefur verið byggður upp á áföngum á síðustu árum og er þökkalega greiðfær. Aðalstígurinn er orðinn til í núverandi mynd eftir að landið komst í eigu sveitarfélagsins, en upp úr því var ráðist í að gera hann, ásamt því að svæðið var kortlagt.

Aðrir stígar eiga sér sumir lengri sögu, vegna fyrri nýtingar svæðisins, en Selskógur er gamall samkomustaður og síðar beitoland fyrir nautpening. Þeir eru mis greiðfærir og mis greinilegir, allt frá því að vera þökkalega færir gangandi fólki yfir í að vera óljósar slóðir eða búfjargötur.

## 2.8 Byggingar og mannvirki

Eftirfarandi byggingar og mannvirki eru á svæðinu:

- „Skemman“ í Vémörk
- Snyrtingar/geymsla  
Í Vémörk er fyrir bygging með snyrtingum (vatnssalernum). Fráveita er leidd í rotpró og neysluvatn fengið úr dreifikerfi vatnsveitu Egilsstaða.
- Leiktæki  
Í Vémörk eru fyrir leiktæki sem sett voru upp fyrir um áratug.
- Útileikhús  
Á tíunda áratugnum var byggt lítið útileikhús austan í Selöxlinni og var það notað á sumrin um nokkurra ára skeið.
- Háspennulína liggur um svæðið

## 2.9 Neysluvatnsöflun

Á tíunda áratugnum fóru fram rannsóknir í Selskógi sem miðuðust að því að kanna hvort unnt yrði að bora eftir neysluvatni á svæðinu. Í kjölfarið voru boraðar nokkrar holur. Tvær holur, sem eru utan skipulagsmarkanna, voru ekki fullreyndar og hafa ekki verið nýttar.

Samkvæmt þeim gögnum sem unnin voru (*Guttormur Sigbjarnarson, október 1996*) var talið álitlegt að bora víðar á svæðinu, þ.m.t. á einum stað innan deiliskipulagssvæðisins.

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um það hvort og þá hvenær það yrði gert.

### 3 DEILISKIPULAG

#### 3.1 Megininntak deiliskipulagsins

Deiliskipulagið felur m.a. í sér eftirfarandi:

- Deiliskipulagið skilgreinir hvaða aðstaða er eða verður byggð upp í Selskógi og býr í haginn fyrir notkun hennar
- Afmarkað er hvar aðkomuleiðir eru að Selskógi og hvar bílastæði er að finna í jaðri hans
- Lega, gerð og flokkun göngustíga, skíðagöngubrauta og áningarstaða er skilgreind
- Skilgreindir eru byggingarreitir fyrir byggingar á svæðinu og hvaða mannvirki eigi að víkja
- Skilgreind eru viðmið til leiðsagnar um umhirðu Selskógarins

#### 3.2 Umferð og umgengni

Umferð allra gangandi vegfarenda er heimil um Selskóg, árið um kring. Heimilt er að fara um skóginn á skíðum, þegar aðstæður eru fyrir hendi og hjólreiðar eru heimilar á gönguleiðum með varanlegu slitlagi ( göngustígur A ).

Þeir sem fara með hunda um Selskóg skulu hafa þá í bandi og fjarlægja skít eftir þá.

Umferð vélknúinna ökutækja um Selskóg er bönnuð. Bannið tekur til allra tegunda vélknúinna ökutækja, bifreiða, vélhjóla og vélsleða, árið um kring.

Undantekningar eru þó sem hér segir:

- Heimilt er að flytja fatlaða frá aðkomu við Seyðisfjarðarveg að Vémörk
- Heimila má umferð þjónustuökutækja þeirra aðila sem sjá um viðhald stíga, lýsingar, bygginga, leiktækja o.s.frv, enda sé heimild veitt tímabundið. Umferð þjónustuökutækja er þó einungis heimil um veg að Vémörk og um aðalstíg í Selskógi
- Heimil er umferð tækja til lagningar gönguskíðabrauta að vetri til
- Í neyðartilfellum hafa lögregla og sjúkraflutningaaðilar heimild til aksturs ökutækja í Selskógi

Þeim sem fara um Selskóg ber að sýna góða umgengni í hvívetna. Allt jarðrask er bannað, svo sem að slíta upp eða traðka niður plöntur eða gróður, rífa hrís, brjóta sprek og greinar. Einungis er heimilt að kveikja eld í þar til gerðum eldstæðum eða útigrillum, og þá aðeins með aðfluttum eldiviði eða með viði sem fellur til við skipulagða grisjun á svæðinu og safnað er saman til nýtingar sem eldiviður.

Bannað er að tjalda í Selskógi. Þó getur umráðamaður veitt undanþágu frá því þegar sérstaklega stendur á, - og þá á tilgreindum stöðum.

#### 3.3 Stígar

Stígar í Selskógi eru flokkaðir í aðalstíga og aðra stíga. Flokkunin er sýnd á skipulagsuppdrætti. Hluti aðalstíganna, þ.e. leiðin frá Seyðisfjarðarvegi í Vémörk og hringleið nyrst á svæðinu, verður lýst upp með dempaðri lýsingu á lágum ljósastaurum sem hæfa svæðinu.

Aðalstígurinn er að hluta til gönguskíðabraut á vetrum, en að auki er gert ráð fyrir því að hringleið fyrir skíðagöngu liggi að hluta til utan göngustíga, þar sem einungis verði grisjað úr skóginum til að gera leiðina greiðfæra.

Athygli er vakin á að í Selskógi eru nokkrir staðir nærri gönguleiðum þar sem fallhætta er umtalsverð.

Stígar í Selskógi verða sem hér segir:

- a. Aðalstígur (blár) er hringstígur sem tengist aðkomu Selskógarins, við Seyðisfjarðarveg. Stígurinn skal vera vel greiðfær og þannig úr garði gerður að hann henti öllum, þ.m.t. hreyfihömluðum og hjólreiðamönnum (og gönguskíðafólki á veturna), og að unnt sé að koma við vélknúnu tæki til umhirðu og viðhalds. Þar sem þessir stígar liggja nálægt votlendi skal gera viðeigandi ráðstafanir þannig að komast megi með vélknúðu ökutæki um stíginn til umhirðu og viðhalds. Varast skal að nota gagnvarið timbur eða annað efni sem skaðlegt er náttúrunni. Viðmiðunarbreydd aðalstígs er 2,5m og yfirborð með bundnu slitlagi.
- b. Aðalstígur (rauður) tengist báðum aðalaðkomuleiðum Selskógarins, við Seyðisfjarðarveg og við Selbrekku auk tengingar við bláan stíg innst í Vémörk. Stígurinn skal vera vel greiðfær og þannig úr garði gerður að hann henti gangandi umferð og skíðagöngu og að unnt sé að koma við vélknúnu tæki til umhirðu og viðhalds. Þar sem þessir stígar liggja nálægt votlendi skal gera viðeigandi ráðstafanir þannig að komast megi með vélknúðu ökutæki um stíginn til umhirðu og viðhalds. Varast skal að nota gagnvarið timbur eða annað efni sem skaðlegt er náttúrunni. Viðmiðunarbreydd er 2,5m og yfirborð með trjákurli.
- c. Aðrir stígar (gulir) skulu lagðir þannig að þeir fylgi landinu. Þeir skulu þannig lagðir að fyllt sé með jarðvegi í skorninga og dældir og rör lögð í gegnum, þar sem þess er þörf vegna vatns. Þar sem þessir stígar liggja nálægt votlendi skal gera palla eða stiklur úr timbri, þannig að komast megi leiðar sinnar þurrum fótum. Varast skal að nota gagnvarið timbur eða annað efni sem skaðlegt er náttúrunni. Viðmiðunarbreydd stíganna er 1 m og yfirborð lagt trjákurli, þar sem það á við.
- d. Troðningar (appelsínugulir) eru stígar sem mótast hafa frá rollugötum, einstígi, þessir stígar eru torfærir og sumstaðar varasamir vegna fallhættu.
- e. Skíðagöngubrautir: Ekki skal hrófla við yfirborði lands eða botngróðri þar sem þær eru lagðar, - einungis skal klippa úr trjágróðri og mynda þannig um 2m breiða og hindrunarlitla leið.
- f. Fræðslustígur liggur frá aðkomustæði við Seyðisfjarðarveg, framhá útileikhúsi og niður í Vémörk. Fræðslustíg er ætlað hlutverk náttúruupplifunar, á sviði grasa- og skógfræði auk þeirra fræðasviða sem heppileg þykja hverju sinni.

### 3.4 Göngubrú yfir Eyvindará

Gert er ráð fyrir því að byggð verði göngubrú yfir Eyvindará. Sjá staðsetningu á skipulagsupprætti.

### 3.5 Byggingar og mannvirki

- a. Skemman í Vémörk verður rifin. Þar sem hún stendur verður komið upp grillaðstöðu og eldstæði.
- b. Salernis og geymsluhús. Heimilt er að stækka salernishús og eða byggja nýtt salernis og geymsluhús á þeim stað þar sem það stendur nú í Vémörk (sjá byggingarreit á skipulagsupprætti). Hús skal vera á einni hæð, með þakhalla 0 – 30°. Hámarksstærð = stærð byggingarreits. Yfirborðsefni útveggja er frjálst, litaval útveggja brúnt, rauðbrúnt eða dökkgrænt. Litir á þaki og þakköntum koksgrátt eða svart.
- c. Útileikhús og söluskýli austan í Egilsstaðaöxl verður þar sem það er nú, í upprunalegri mynd, en hvort tveggja þarfnast viðhalds og umhriðu.
- d. Leiktæki skulu vera í Vémörk. Staðsetningu, gerð og fjölda er heimilt að endurskoða.
- e. Háspennulína sem liggur um Selskóg verður fjarlægð



### 3.6 Áningarstaðir

Við aðalaðkomu að Selskógi, gengt Árhvammi, er áformað er að koma upp áningarstað í samstarfi við Vegagerðina.

Aðrir áningarstaðir í Selskógi eru rjóður með bekk eða með bekkjum og borði. Áningarstaðir skulu liggja í tengslum við aðalstíg, en þó ekki fast við hann, til að koma í veg fyrir ónæði.

Grilllaut er við Selbrekku, gengt lóðum nr. 3 og 5.

### 3.7 Samkomu- og leiksvæði

Vémörkin er skilgreind sem samkomu og leiksvæði, ásamt landræmu upp í brekkuna vestan við. Á svæðinu er gert ráð fyrir boltavelli, leiktækjum, grillaðstöðu og eldstæði (þar sem skemman stendur nú) og sleðabrekku.

### 3.8 Gróðurvernd og umhirða

Vegna sérstöðu skógarins er afar mikilvægt að áður en lagt er í mannvirkjagerð á svæðinu verði kannað gaumgæfilega hvort hún raski eða stefni í hættu mikilvægum náttúruminum.

- Grisjun skógarins skal haldið í lágmarki. Grisja skal skóginn þar sem nauðsyn ber til, vegna stíga eða vegna aðgengis að áningarstöðum, þó þannig að örveru- og sveppagróður þrífist með náttúrulegum hætti.
- Votlendisblettum í Selskógi skal ekki raska með mannvirkjagerð eða framræslu, þar sem þessi svæði eru mikilvæg fyrir líffræðilega fjölbreytni. Þó er gert ráð fyrir því að gömlu túnin í Vémörk verði þurrkuð með framræslu.
- Ekki skal gróðursetja eða sá fyrir gróðri í Selskógi, nema að því leyti sem nauðsynlegt er fyrir samkomu og leiksvæði. Ekki skal nota áburð á svæðinu, nema hugsanlega á flötum í Vémörk.
- Regluleg hreinsun Selskógarins er nauðsynleg, vegna nálægðar við byggð og umferðar um hann.

### 3.9 Skilti og merkingar

Gera skal samræmda áætlun um gerð og útlit allra skilta og merkinga í og við Selskóg. Skilti og merkingar skulu vera úr vönduðum varanlegum efnum og þannig frá þeim gengið að þau falli vel að aðstæðum og séu skýr.